

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969
um Stjórnarráð Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Utánríkisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki.
5. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra.

7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum, er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða eðli máls.
8. Diplomatsk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
9. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
10. Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvamál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu, sbr. lög nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.
11. Útflutningsverslun.
12. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
13. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.
14. Vörusýningar erlendis.
15. Þróunarsamvinnu og neyðarhjálp.

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Viðskiptaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Verslun og viðskipti önnur en útflutningsverslun.
2. Skipti Íslands við alþjóðleg efnahagssamtök og fjármálastofnanir.
3. Gjaldeyri.
4. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
5. Gjaldmiðil og myntsláttu.
6. Verðskráningu og verðlag, nema lögð séu til annars ráðuneytis.
7. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verslun eða annan atvinnurekstur.
8. Verslunarskrár og firmu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Steingrímur Hermannsson.